



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindadeild

Umhverfi – listaverk – áhorfandi

*Skúptúrlistaverk Richard Serra og Yoko Ono í Viðey og tengsl
þeirra við umhverfi og áhorfanda*

Ritgerð til B.A.-prófs

Heiðar Kári Rannversson

Maí 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindadeild

Listfræði

Umhverfi – listaverk – áhorfandi

*Skúptúrlistaverk Richard Serra og Yoko Ono í viðey og tengsl
þeirra við umhverfi og áhorfanda*

Ritgerð til B.A.-prófs

Heiðar Kári Rannversson

Kt.: 281082-3459

Leiðbeinandi: Gunnar J. Árnason

Maí 2009

Í ritgerðinni er fjallað um listaverk tveggja erlendra listamanna sem staðsett eru í Viðey. Annars vegar er þar að finna verk Richard Serra, *Áfangar* (1990) og hins vegar verk Yoko Ono, *Friðarsúlan* (2007). Listamennirnir eru mjög svo ólíkir en eiga það þó sameiginlegt að útlit, efni og inntak verka þeirra má rekja til breytinga sem varð á listforminu um miðja síðustu öld. Staðsetning verkanna gefur möguleika á ítarlegri greiningu sambands þeirra við umhverfi sitt og samanburðar þeirra á milli. Þá eru *verkin* í opinberu rými og því kostur á að rannsaka þau í tengslum við *áhorfandann*.

Í ritgerðinni eru verkin greind og borin saman í ljósi sambands þessara þriggja þátta, umhverfis, listaverks og áhorfanda. Þær hugmyndir sem liggja verkunum til grundvallar og fjalla um samband hinna þriggja þátta með einum eða öðrum hætti eru reifaðar. Sérstaklega er litið til skúlptúrlistar og hugmyndarinnar um *staðbundin* (e. *site-specific*) verk og það sem kalla mætti *Þáttökulist* (e. *Relational art*). Einnig eru listferlar listamanna raktir og settir í samhengi stefna og strauma. Þá er listaverkunum, tilurð þeirra og framsetningu gerð ítarleg skil og fjallað um staðsetningu þeirra í Viðey.

Með þetta að leiðarljósi er ritgerðinni ætlað að svara því hvernig staðsetningin á þátt í merkingarsköpun verkanna með tiliti til útlits, efnis eða inntaks og hvort og þá hvernig verkin eru staðbundin. Til þess er stuðst við hugmyndir Kenneth Framptons um *Critical Regionalism*, en staðfræði umhverfisins er einmitt ein forsenda kenningar Framptons. Þá eru hugleiðingar um hvernig þátttaka áhorfandans bætir við merkingu verksins til viðbótar við merkinguna sem ræðst af sambandi þess við staðsetninguna. Að lokum er því svarað hvernig sambandi þáttanna þriggja, umhverfis, listaverks og áhorfanda, er háttað í verkunum tveimur. Eðli sambandsins má hafa að leiðarljósi þegar meta skal listrænt gildi umhverfislistaverka.

Með því að svara þessum spurningum þá verða til aðrar sem snúa að ytri ramma þáttanna þriggja, þ.e. almennari þáttum og tilhneigingu í nútíma skúlptúrlist, hlutverki Reykjavíkurborgar í mótun og endanlegri útkomu verkanna og á hvern hátt verkunum er ætlað hlutverk og notagildi í samhengi opinbers rýmis borgarinnar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	bls. 1 - 2
<i>1.1. Listamennirnir, listaverkin og staðsetning þeirra 1</i>	
<i>1.2. Rannsóknarefni 1-2</i>	
2. Umræða og bakgrunnur	bls. 2 - 11
<i>2.1. Umhverfislist og staðbundin skúlptúrverk 3-5</i>	
<i>2.2. Virkni listaverka og þátttökulist – áhorfandinn sem þátttakandi 5-7</i>	
<i>2.3. Staðbundin skulptúrlist á Íslandi 7-8</i>	
<i>2.4. Listferill Richard Serra 8-9</i>	
<i>2.5. Listferill Yoko Ono 9-11</i>	
3. Úrvinnsla	bls. 11 - 22
<i>3.1. Viðey 11-13</i>	
<i>3.2. Áfangar – tilurð og útlistun 13-16</i>	
<i>3.3. Friðarsúlan – tilurð og útlistun 16-20</i>	
<i>3.4. Critical regionalism 20-22</i>	
4. Niðurstaða	bls. 22 - 32
<i>4.1. Hugmyndir listamannanna - staðbundin verk og táknræn merking 23-25</i>	
<i>4.2. Hið tektóníska og hið sviðsetta 25-27</i>	
<i>4.3. Hið snertanlega 27-30</i>	
<i>4.4. Samantekt 30-32</i>	
Ljósmyndir	bls. 33-35
Heimildaskrá	bls. 36-39